LÖG

35
23. júní

um

breyting á lögum nr. 16, 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Í hverju héraði skal héraðslæknir veita þeim sjúklingum, sem haldnir eru af kynsjúkdómum, ókeypis læknishjálp, ef hann telur þá þurfa þess með. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja, og skal hún greidd úr ríkissjóði samkvæmt gjaldskrá héraðslækna og gildandi lyfjaskrá, enda sé landlækni send skýrsla um sjúklingana og læknishjálpina, er hann fer með sem trúnaðarmál.

Þar, sem sérfræðingar eru fyrir hendi, er rétt að semja við þá um að hafa þessar ókeypis lækningar með höndum í stað héraðslækna.

2. gr.

6. grein laganna skal orða svo:

Nú ber brýna nauðsyn til að leggja í sjúkrahús sjúkling með kynsjúkdóm, og telur sá læknir, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á þeim stað, að sjúklingurinn þarfnist ókeypis sjúkrahúsvistar, og greiðir þá ríkissjóður sjúkrahúskostnaðinn í þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið við um að veita slíkum sjúklingum viðtöku. Semja skal við sjúkrahús í Reykjavík um, að allt að 10 rúm séu jafnan til taks fyrir sjúklinga með kynsjúkdómum, og um greiðslur fyrir þá sjúklinga, er fá þar vist á kostnað ríkissjóðs. Á sama hátt skal samið um eitt sjúkrarúm fyrir kynsjúkdómasjúklinga á hverjum þessara staða: Á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

Sjúklingar skulu eiga aðgang að þeim sjúkrarúmum, sem samið hefir verið um í þessu skyni, eftir tilvísun þess læknis, er veitir kynsjúkdómasjúklingum ókeypis læknishjálp á staðnum, án tillits til heimilisfangs þeirra. Sá læknir má og vísa þangað kynsjúkdómasjúklingum, er greiða sjálfir legukostnað sinn, eftir því sem rúm leyfir.

35 23. júní

Þar, sem samið hefir verið við sérfræðinga, skulu þeir skyldir að aðstoða sjúkrahúslækna við meðferð þessara sjúklinga í sjúkrahúsunum eða stunda þá að öllu leyti, ef krafizt verður.

Um sjúklinga þá, sem liggja í sjúkrahúsum á kostnað ríkissjóðs, ber að senda landlækni skýrslu (sbr. 5. gr.) áður en greiðslur fara fram.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Ákvæði 5. og 6. gr. ná aðeins til sjálfra kynsjúkdómanna, en ekki til eftirstöðva þeirra eða fylgikvilla, nema að því leyti, sem þeir kunna að vera samfara hinum upphaflega sjúkdómi á smitandi stigi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 16 1923 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.